

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Austurgata 22b, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 5. október 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Austurgata 22b í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin stækkar úr 302 fermetrum í 376,1 fermetra. Hámarksbyggingarmagn hækkar úr 284,5 fermetrum í 306 fermetra. Gert er ráð fyrir að hluti húss úr timbri verði rifinn og endurbyggður úr steinsteypu á þremur hæðum. Gert er ráð fyrir tveim íbúðum í stað einnar og gert ráð fyrir 4 bílastæðum. Nýtingarhlutfall lækkar úr 0,94 í 0,82. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 1. desember 2005.*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005